

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2020, mánudaginn 15. júní, var haldinn 6. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var opin, haldinn í Dalskóla og hófst kl. 17.05. Fundinn sat Freyr Gústavsson, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Sigrún Guðjohnsen og Eyjólfur Eyjólfsson. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 3. júní 2020, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjárfundarbúnaðar.
2. Fram fer kynning á framkvæmdum í hverfinu.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Þakkað er fyrir kynninguna. Íbúaráðið fagnar þeirri miklu og tímabæru uppbyggingu sem nú á sér stað í hverfinu.

Kristinn Arnbjörnsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- 17:15 Björn Ingi Björnsson tekur sæti á fundi.

3. Fram fer umræða um aðkomu íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun Reykjavíkurborgar.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu varðandi aðkomu ráðsins að fjárfestingar og viðhaldsáætlun Reykjavíkurborgar:

Formanni í nánú samráði við ráðið falið að vinna málið áfram og skila ábendingum íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals varðandi fjárfestingar- og viðhaldsverkefni fyrir lok júní.

Samþykkt.

4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 3. júní 2020, vegna draga að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Í tillögunni er skert á heimildum er varða sérstök búsetuúrræði innan mismunandi landnotkunarsvæða aðalskipulagsins.
5. Lagt fram erindi fulltrúa í Foreldrafélagi Sæmundarskóla 19. maí 2020 vegna aðstöðu félagsmiðstöðvar fyrir nemendur í Sæmundarskóla.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið tekur undir erindi fulltrúa Foreldrafélags Sæmundarskóla og hvetur til þess að ásættanleg tímabundin lausn verði fundin á húsnaðisvanda félagsstafs unglinga við skólann við fyrsta tækifæri á meðan unnið er að varanlegri lausn. Íbúaráðið telur mikilvægt að viðunandi húsnaði sé til staðar svo unnt sé að sinna þessu mikilvæga starfi í hverfinu.

6. Fram fer umræða um þátttöku barna í frístundastarfi í Grafarholti.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð lýsir yfir áhyggjum sínum af dræmri þátttöku barna á aldrinum 6-12 ára í frístundastarfi í Grafarholti. Mikilvægt er að hjálparteymi taki málið til umræðu og komi því í viðeigandi farveg án tafar.

7. Fram fer umræða um umferðarmál í hverfinu.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Á fundi íbúaráðsins í nóvember sl. var því beint til Bílastæðasjóðs að auka eftirlit í hverfinu með ólöglegri lagningu bifreiða á borgarlandi. Víða um hverfið er bifreiðum lagt daglega á gönguleiðum svo aðgengi um þær lokast alveg. Íbúaráðið telur nauðsynlegt að brugðist verði tafarlaust við vandamálinu svo tryggja megi að gangandi og hjólandi komist öruggir leiða sinna.

8. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. júní 2020 um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi fyrir Rökkvatjörn 5.
9. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 10. júní vegna tillögu að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar.
10. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
11. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður. Umsóknum hafnað.
12. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir vegna Sumarborgar 2020 – hverfin. Þessi liður fundarins er lokaður.
Samþykkt að veita verkefninu Bátafjör á Reynisvatni styrk að upphæð kr. 100.000,-.
Samþykkt að veita Árseli og Hjólakrafti styrk að upphæð kr. 84.000,- vegna verkefnisins Kynslóðir hjóla saman í Grafarholti og Úlfarsárdal.
Samþykkt að veita Félagsmiðstöðinni Fókus styrk að upphæð kr. 200.000,- vegna verkefnisins Ungmennni í blóma og öllum til sóma.
Samþykkt að veita Árseli styrk að upphæð kr. 30.000,- vegna verkefnisins Útiöldun í hverfinu.

Öðrum umsóknum hafnað.

13. Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi tillögu:

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur til að opnað verði aftur fyrir umsóknir um styrki úr Sumarborginni 2020 - hverfin við fyrsta tækifæri.

Samþykkt.
Vísad til borgarráðs.

Fundi slitið kl. 19:01

Freyr Gústavsson

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir
Eyjólfur Eyjólfsson

Björn Ingi Björnsson
Sigrún Guðjohnsen